

Viðtalsverkefni – leiðbeiningar um skil

Í viðtalsverkefninu, sjá leiðbeiningar á síðu um verkefnayfirlit og í viku 29. janúar - 4. febrúar, eigið þið að skila niðurstöðukafla og umræðukafla með forsíðu 26. febrúar. **Ath. að ekki á að skila viðtalinu sjálfu** né neinu öðru, bara þessum tveimur köflum með forsíðu í einu skjali. Sjá glærur um rannsóknaraðferðir í viku 15. - 21. janúar (glærur 26 og 27).

1. Skrifaðu upp viðtalið sem þú tókst skv. leiðbeiningum í viku 15. - 21. janúar (sjá dæmi um uppskrifað viðtal í sömu viku).
2. Þemagreindu viðtalið skv. leiðbeiningum í þessari viku (12.-18. febrúar) og finndu yfirflokka.
3. Notaðu yfirflokkanana sem þú fannst til að skrifa upp niðurstöðu- og umræðukafla.
4. Búðu til forsíðu skv. ítrustu reglum og skilaðu í skilakassa á Moodle mánudaginn 26. febrúar.

Eins og í öllum verkefnum er miðað við snyrtilegan frágang verkefna, forsíðu sem uppfyllir fræðileg skilyrði, 12-14 punkta læsilegt letur (Times New Roman, Arial eða Calibri) og 1,5 línubil. **Ath. ekki þarf að vísa í heimildir í þessu verkefni.**

Skiladagur er mánudagur 26. febrúar.